

6.8.1. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Almennt (byggingar til annarra nota en íbúða)

Í grein 6.8.1 í byggingarreglugerð segir:

„Ákvæði 6.8. kafla gilda almennt um byggingar til annarra nota en íbúðar, þ.m.t. þær byggingar sem falla undir 6.9., 6.10. og 6.11. kafla.

Kröfur til íbúðarhúsa ná einnig til bygginga sem ætlaðar eru til annarra nota að svo miklu leyti sem við á.

Öll rými innan bygginga sem falla undir þennan hluta reglugerðarinnar skulu henta fyrir- hugaðri starfsemi í byggingunni og þau þannig gerð að uppfylltar séu allar kröfur um vinnuvernd, hollustuhætti og öryggi og séu hagkvæm í rekstri og viðhaldi. Atvinnuhúsnæði skal uppfylla lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðir og reglur sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum, sbr. m.a. reglur Vinnueftirlits ríkisins um húsnæði vinnustaða. Þá skal uppfylla ákvæði í reglugerð um hollustuhætti eftir því sem við á.

Í byggingum sem falla undir þennan kafla reglugerðarinnar skal í hverjum eignarhluta séð fyrir fullnægjandi fjölda snyrtinga og ræstiklefa.

Flutningaleiðir fyrir aðföng og úrgang innan og við byggingar sem falla undir þennan kafla skulu vera vel skipulagðar með greiðan aðgang að sorpgeymslu eða sorpgámum.

Við hönnun slíkra bygginga og við endurbyggingu skal í hönnunargögnum gerð grein fyrir fjölda bílastæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg. Lágmarksfjöldi slíkra stæða skal vera samkvæmt töflu 6.05 og miðast við hver heildarfjöldi stæða er við byggingu. Tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla skal vera við slík stæði.

Tafla 6.05 Lágmarksfjöldi bílastæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg fyrir byggingar til annarra nota en íbúðar.

Heildarfjöldi stæða við byggingu	Lágmarksfjöldi stæða þar sem hleðsla rafbíla er möguleg
1-5	1
6-10	2
11-15	3
16-20	4

Síðan skal bæta við að lágmarki einu stæði þar sem tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla er til staðar fyrir hver 5 stæði. Að auki skal tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla vera til staðar við öll bílastæði fyrir hreyfihamlaða.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“


Leiðbeiningar

1 Hleðsla rafbíla

6. málsgrein: Með orðinu endurbygging er átt við í þessu tilfalli, þegar um ræðir eitthvað af eftirfarandi:

- Endurnýjun á rafmagni sameignar
- Endurnýjun á rafmagni í bílgeymslu
- Endurnýjun á aðalrafmagnstöflu
- Endurnýjun á bílgeymslu
- Endurnýjun á bílastæðum á lóð

7. málsgrein: Hleðslustöðvar sem settar eru niður við bílastæði hreyfihamlaðra skulu vera með gott og hindrunarlaust aðgengi.



Mynd 1. Gott dæmi um hleðslustöð við bílastæði hreyfihamlaðra. Hleðslustæði hreyfihamlaðra þarf svo að merkja með tákni hreyfihamlaðra á bláum feringi og öll hleðslustæðin með tákni hleðslustæða rafbíla á grænum feringi. Öll mál í mm.



Mynd 2. Slæmt dæmi um hleðslustöð við bílastæði hreyfihamlaðra, háir kantsteinar hindra aðgengi



Mynd 21. Dæmi um hleðslustöð við bílastæði hreyfihamlaðra. Hér er ágætis aðgengi að hleðslustöð en stæðið er heilmálað og það vantar merki bílastæða hreyfihamlaðra á bláum fleti

2 Útfærslur á heimahleðslum

Sjá leiðbeiningar um útfærslur á heimahleðslum rafbíla á slóðinni:

<https://www.hms.is/rafmagnsoryggi/reglur-og-fraedsla/fraedsluefni/>

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	15.5.2019
1.1	lagfæring	4.7.2019
1.2	Tilvísun tekin. Mynd skipt út	16.10.2019
1.3	MVS breytt í HMS	6.2.2020
1.4	9. breyting byggingarreglugerðar. Einfaldað. Yfirlit yfir breytingar	16.11.2020
1.5	Breyting á heiti	9.3.2021